

80. stjórnarfundur Bergrisans bs.

13.1.2025

Staðsetning: Bankinn - vinnustofa.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Elliði Vignisson, Sandra Sigurðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir og Eggert Valur Guðmundsson.

Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson, Íris Ellertsdóttir og Jóhanna Margrét Einarsdóttir.

Dagskrá

1. Áherslur í starfi og staða tillagna í úttekt HLH

Verkefnastjóri fór yfir helstu áherslur í starfi næstu misserin sem og stöðu úrbótatillagna í skýrslu frá HLH ráðgjöf frá árinu 2022.

Stjórn óskar eftir að fá áætlaða tímasetningu á þær úrbótatillögur sem eftir eru á næsta stjórnarfundum.

2. Uppbyggingaráætlun Bergrisans

Farið var yfir helstu þætti í uppbyggingaráætlun Bergrisans. Frekari kynning mun fara fram eftir að samráði er lokið.

3. Skaftholt

Verkefnastjóri og skrifstofustjóri fóru yfir málefni Skaftholts en um jólin var gert skammtímasamkomulag við Skaftholt um áframhaldandi rekstur út mars 2025. Lagt var til á fundinum að fá rekstrarúttekt á Skaftholti til að fá betri mynd á stöðuna og var það samþykkt. Ákveðið var að óska eftir því að HLH ráðgjöf taki verkið að sér.

4. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 15:35.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson